



Fundargerð

Fyrsti fundur endurnýjaðrar framkvæmdastjórnar Sósíalístaflókks Íslands fór fram mánudaginn 21. janúar 2019 í Hlutverkasetri Borgartúni 1 kl. 19:10 - 20:30.

Mætt voru: Katrín Baldursdóttir, Laufey Ólafsdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Reinhold Richter, Gunnar Smári Egilsson, Rán Reynisdóttir, Viggó K. Jóhannsson, Ester Bíbí Ásgeirsdóttir, Sigrún E. Unnsteinsdóttir. Jóhann Helgi Heiðdal og Hjalti Hrafn Hafþórsson voru með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð.

Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerðir síðustu funda

Stjórnarmenn voru hvattir til að samþykkja síðustu fundargerðir.

2. Stjórnarmenn kynntu sig

3. Verkefni framkvæmdastjórnar tímabilið fram að sósíalístaþingi

Gunnar Smári renndi yfir verkefnin:

- a. Maístjarnan. Ekki sé bara beðið eftir að umsóknir berist, heldur leitaðir verði uppi hópar til að valdefla.
- b. Gul vesti
- c. Verkalýðsráð
- d. Kjörnefnd. Þess sé gætt að hún fari í gang af krafti, en fyrsti fundur hefur verið haldinn.
- e. Erlend samskipti. Að einhverjir í hópnum t.d. Jóhann og Hjalti komi á samskiptum við erlenda flokka eða hópa fyrir sósíalístaþingið.
- f. Fjölgun félaga. Hún er einkum á hendi félagastjórnar en við eigum að vera virk í því líka.
- g. Facebook-hópur og -síða.
- h. Útgáfa og útbreiðsla. Hugmynd er þegar komin fram um að gera netorðabók yfir hugtök sem tengjast verkalýðsbaráttu.
- i. Sósíalístaþingi. Fastsetja e.t.v. reglulega fundi t.d. mánaðarlega.
- j. Breytingar á lögum og skipulagi. Setja Verkalýðsráðið inn á Sósíalístaþingi.
- k. Sósíalístaþing
- l. Sósíalístarútan
- m. Annað

Sólsíalistapiing

Katrín lagði áherslu á að það verði að vera skemmtileg stemning á sólsíalistapiinginu svo það verði ekki þurrt. Sólsíalistapiing gæti verið haldið 30. maí eða 6. apríl en 6. apríl hlaut meiri hljómgrunn. Tillaga um Bíó Paradís undir þingið.

Sólsíalistarútan

Katrín kom með hugmyndina að henni á fyrri fundi og er eins og komið hefur fram reiðubúin að skipuleggja funda- og tengslaferð um landið með áhöfnum til skiptanna. Grill, hljóðfærsláttur og fjör. Finna fyrst fólk úr plássunum í félagaskránni. Ekki þó verkefni sem á að klára fyrir þingið.

Spurt var hvað fleira eigi að gera til að efla starf flokksins á landsbyggðinni. Eitt af því er að þeir sem þar búi skoði félagaskrána og sína sellulista opnum augum og hafi samband við fólk. Jóhann fær send nöfn nokkurra aðila til að hafa samband við. Einnig var talað um að mikilvægt væri að hlusta eftir því sem brenni á fólkinu á landsbyggðinni, án þess þó að breya flokknum til að fá fólk inn.

Fundarmenn voru hvattir til að fara yfir listann yfir verkefnin framundan með það fyrir augum hvar kraftar þeirra gætu helst nýst.

Stefnt að því að setja markmið varðandi þessi verkefni á næsta fundi.

4. Fjármál

Rekið var á eftir gjaldkera að klára uppgjör Plötumarkaðs Maístjórnunnar.

5. Önnur mál

Samþykkt að festa kaup á öðrum fjarfundabúnaði þar sem fleiri stjórnir þurfa á slíkum að halda. Samþykkt að stofna Námsmannahreyfingu sósialista formlega, en einn undirbúningsfundur hefur þegar verið haldinn.

Sanna lagði til að stofnað yrði félag strætófarþega. Það var samþykkt og leyft að það kostaði einhver útgjöld.

Fundi slitið.